

Spjall með heimastjórn Seyðisfjarðar 6. nóvember 2023 í Herðubreið

Starfshópur um undirbúning nýs Seyðisfjarðarskóla. Bergvin Jóhann Sveinsson, verkefnastjóri á umhverfis- og framkvæmdasviði fór yfir stöðu mála.

- Búið að gera þarfagreiningu ásamt skólastjóra og starfsfólki Seyðisfjarðarskóla. Þeirra ósk er að geta byggt ofan á sökkulinn sem fyrir er. Til þess þarf að kanna ástand steypunnar og er sú vinna að fara í gang.
- Skólastjórar hafa farið ásamt fræðslustjóra Múlaþings í heimsóknir m.a. í Stapaskóla á Reykjanesi og í Grunnskóla Reyðarfjarðar til að fá hugmyndir.
- Hópurinn hefur farið yfir teikningar frá 2007 sem gerðar voru af Arkís arkitektum, en það eru endurgerðar teikningar síðan 1987. Margt sem hefur breyst síðan 2007 og ýmislegt sem á ekki við í dag, til að mynda tölvuver.
- Stefnt á að hönnunin sé klár sumarið 2024, síðan farið í næstu skref. Áætluð verklok eru 2027.
- Stefnt að því að allt skólastarf verði undir einu þaki: kennslustofur, tónlistarskóli, félagsmiðstöð, myndlistarstofa, smíðastofa, framleiðslueldhús, matsalur. Ekki gert ráð fyrir leikskóla né almenningubókasafni.
- Gert ráð fyrir 100 barna skóla
- Það er nefndarinnar að koma með tillögur um hvað er skynsamlegt.
- Sveitarfélagið sem borgar.
- Í kjölfarið: Gamli skóli – hvað viljum við gera við hann?
 - Selja hann – fundarmenn nokkuð sammála um það

Starfshópur um framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði

- Umræða um auglýsingu sem birt var á dögnum þar sem auglýst var eftir hugmyndum um atvinnuskapandi starfsemi til framtíðar á Seyðisfirði.
- Rætt um að það gæti fælt fólk frá að þurfa að leggja fram fjárhagsáætlun en fólk hvatt til þess að koma samt með hugmyndina sína og hægt að fá aðstoð við gerð áætlunarinnar.
- Rætt um húsnæði fiskvinnslunnar, Ofanflóðasjóð og almennt um hættumatið á svæðinu.

Iðnaðarlóðir

- Rætt um lausar iðnaðarlóðir, lausar lóðir sem eru byggingarhæfar eru inni á vefsíðu sveitarfélagsins.
- Hægt að setja sig í samband við starfsmenn til að vita hvaða fleiri lóðir eru í boði en eru í vefsíðu
- Aðalskipulagsvinna að fara í gang, þar er hægt að hafa skoðun
 - Hvar sjáum við iðnaðaruppbyggingu?
 - Hvar viljum við sjá þjónustuna?
- Rætt um hafnarsvæðið, þetta svæði er ekki gott byggingarsvæði. Sveitarfélagið ætti að taka þetta svæði út, kanna hvort þetta sé byggingahæft svæði.

Rætt um hvað hefur gerst síðan á síðasta fundi

- Lýsing í íþróttahúsinu. Komin ljós fyrir utan húsið. Hönnun komin á lýsingu inn í íþróttasalnum. Málið ennþá í vinnslu.

- Göngusstígur að Gufufossi, vinna í gangi og m.a. mun koma fjármagn frá höfninni.
- Götulýsingar. Bæjarverkstjóri fór yfir stöðuna. Er m.a. að biðja eftir rafvirkja til að fara yfir stöðuna fyrir veturinn. Bæjarbúar hvattir til að koma ábendingum um bilaða og blikkandi staura til þjónustumiðstöðvar.
- Gamla ríkið. Er að fara í útboð, þarf að öllum líkindum að gera það upp áður en það er flutt. Grunnurinn verður ekki steypur núna í ár. Höfnin mun hafa kjallarann til umráða: þar verður setustofa, þurrkherbergi, þvottahús, aðstaða fyrir skútufólk.

Félag eldri borgara

- Rætt um fjölbýlishúsið við Lækjargötu, hvenær það verður tilbúið og hverjar væru forsendur þess að geta leigt.
- Salurinn í miðju hússins, hvernig verður hann, hversu stór er hann, hvaða starfsemi verður þar inni.
- Það þarf að fá þetta á hreint og koma upplýsingum til fólks sem allra fyrst svo fólk geti farið að gera ráðstafanir.
- Talað um hækkun á húsaleigu.
- Lagt til að Félag eldri borgara á Seyðisfirði bóki fund með sveitarstjóra til að ræða sín mál.

Hamrabakki

- Rætt um skort á viðhaldi og húsfund sem fyrirhugað hefur verið að halda í mjög langan tíma.

Guli vallarskúrinn

- Hugmynd um að nýta hann sem almenningssalerni, í samvinnu við sveitarfélagið, fyrir ferðamenn þar sem þau ítrekað koma inn í golfskála til að biðja um að létta af sér. Mál gula skúrsins er í vinnslu milli golfklúbbsins og Múlapings.

Tvísöngur

- Þarf betri merkingar fyrir gönguleiðina að Tvísöng, eflaust stærra skilti með mynd af verkinu. Ferðamenn virðast margir hverjir í vandræðum með að finna réttu leiðina að listaverkinu.

Setja bundið slitlag út með firði